

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 1 og 2, Eyrarflöt 11.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 24. ágúst 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 1 og 2 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst í að lóðamörk eru færð um 3 metra til norðvesturs, jafnframt breikkar byggingarreitur lóðarinnar um 1 metra.

Breyting á deiliskipulagi í landi Þjóðvegur 17, Borgir.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. september 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í landi Þjóðvegur 17, Borgir, Akranesi.

Breytingin felst í stækkun lóða og byggingareita, auk þess sem byggingarmagn eykst verulega en áætluð stærð íbúðarhúsa og hesthúss tvöfaldast.

Framangreindar deiliskipulagsbreytingar voru grenndarkynntar skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi.

Akranesi, 29. september 2004.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.